

AUGLÝSING

um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 21. febrúar síðastliðinn, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Almenn bílastæði við eystri götukant Skuggasunds milli Lindargötu og Sölvhólsstöðu verði gjaldskyld, um leið og gjaldtaka hefst á bílastæðum á lóð suðaustanvert á horni Skuggasunds og Sölvhólsstöðu. Notaður verður miðamælir með tímagjaldi til samræmis við staðsetningu stæðanna, á gjaldsvæði 2, nú 40 krónur á klukkustund. Stöðumælur með takmörkun á hámarksstöðutíma verði settir við almenn stæði við nyrðri götukant Lindargötu frá húsi nr. 3 allt að Skuggasundi.

Ákvörðunin tekur gildi nú þegar.

Reykjavík, 5. september 1995.

Borgarstjórinn í Reykjavík,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Viðskiptaráðuneytið vekur athygli á því að á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara hefur verið ákveðið að eftirfarandi flutningsjöfnunargjald sé tekið af neðangreindum olíuvörum frá og með 1. október 1995 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,70 kr. á lítra
gasolía	0,80 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,60 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (potueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttækið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs.

Viðskiptaráðuneytið, 20. september 1995.

F. h. r.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Atli Freyr Guðmundsson.